

eyjahreppi, sem hún var hjá og hafði fylgt að lagi, brá búi, hefir skýrt svo frá, að hún sje fædd árið 1849 í Pjetursey í Mýrdal innan hins forna Dyrhólahrepps, og eptir að hún var komin af ómaga aldri hefir hún dvalið í ýmsum sveitum í Skaptafells- og Rangárvallasýslum, en hvergi nógu langan tíma til að ávinna sjer sveitfesti, unz hún ílengdist í Vestra-Fíflholti frá því á árinu 1877; en á tímabilinu frá 1877 til 1893 var hún á sumrinu 1885 hjer um bil mánaðartíma á Syðsta-Kekki í Stokkseyrarhreppi innan Arnessýslu. Þannig eru úrslit málsins undir því komín, hvernig litið verði á burtför Steinunnar frá Vestra-Fíflholti og dvöl hennar á Syðsta-Kekki. Í þessu tilliti skýrir hún svo frá, að hún hafi farið alfarin frá Vestra-Fíflholti að Kekki í júní 1885, og hafi komið sjer fyrir í sjálfsmennsku hjá bóndanum þar, og ætlað að dvelja þar það ár 1885—1886, en eptir hjer um bil mánaðartíma hafi Jón Brandsson komið og sótt sig austur að Vestra-Fíflholti aptur. Þessi skýrsla hennar kemur alveg heim við skýrslu þá, sem hinn páverandi ábúandi Syðsta-Kakkar, Gísli tómhúsmaður Sigurðsson í Nýjabæ í Stokkseyrarhverfi, hefir látið til fyrir rjetti um komu Steinunnar á sitt heimili, og dvöl hennar þar, sem átti að vara til næsta vors, en var á enda eptir hjer um bil mánaðartíma. Þegar enn fremur er tekið tillit til hinna páverandi kringumstæðna á heimili Jóns þessa Brandssonar, þá er þannig enginn efi á því, að sveitfestisdvöl Steinunnar Sigurðardóttur í Vestur-Landeyjahreppi hefir slitnað við áður nefnda dvöl hennar í Stokkseyrarhreppi, og hún hefir þannig hvergi sveitfest sig með samfleyttri 10 ára dvöl í nokkrum hreppi, eptir að hún varð 16 ára að aldri; er því hjer með úrskurðað, að Steinunn Sigurðardóttir sje sveitlæg í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Dyrhólahreppi, hvað jeg bið yður tilkynna hreppsnefndunum í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi, sem hinum forna Dyrhólahreppi er skipt í.

159

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um 160
leyfi til að halda lotteri. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þókn. 12. nóv. anlegu brjefi, dagsettu 8. þ. m., og beiðni nefndar þeirrar hjer, sem safnað hefir gjöfum handa þeim, sem biðu tjón af jarðskjálptunum í Arnessýslu og Rangárvallasýslu í fyrra sumar, vil jeg hjer með veita sagðri nefnd leyfi til að halda lotterí á gullhring og guliúri, er gefizt hafa í þessu skyni, á þann hátt, sem um getur í erindi nefndariunnar, er fylgdi ofanefndu brjefi yðar.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt um kynbætur hesta.

161

19. nóv.

Sýslunefndin í Arnessýslu hefur samkvæmt lögum 11. desember 1891, um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Arnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefndirnar í hverjum hreppi skulu, þá er samþykkt þessi er komín í gildi, sjá um, að kosin sje í hverjum hreppi hrossakynbótanefnd, er sjeu í

161 minnst 3 menn. Kynbótanefndir þessar sjeu kosnar á almennum hreppaskilafundum á vorin, og gildir kosning þeirra til 3 ára í senn. Kosningarrjett hafa þeir einir, sem eiga atkvæðisrjett á þeim fundi, en kjörgengur er hver tvítugur maður, sem er í sjálfstæðri stöðu, eða hefur leyfi húsbænda sinna til að takast slíkt á hendur. Kynbótanefndir þessar skulu gjöra ráðstafanir að kynbótum hesta, hver í sínum hreppi, og sjá um, að reglum þeim sje fylgt, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kynbótanefndin velur á vori hverju, eða lætur velja hryssur þær, er hafa skal til undaneldis, svo margar sem þurfa þykir, og skulu hreppsúar skyldir að koma með þær á þann stað, sem hún tiltekur. Nefndin sjer um, að svo miklu leyti sem auðið er, að nægilega margir gradhestar sjeu til í hreppnum, og ekki fleiri en þörf er á.

3. gr.

Öll hestfolöld, sem eru undan yngri merum en 4 vetra og eldri en 15 vetra, skal gelda á fyrsta ári. Ekki má heldur ala upp gradhesta undan merum, sem eru skjóttar, hvítar, með hvítum hófum, glaseygar, hringeygar, snúinhæfðar, mjög litlar, þreklitlar, illa vaxnar, horsamar, með álfabruna á nösnum eða öðrum göllum. Komi undan merum þessum hestfolöld, sem skapnadarins vegna ekki verða gelt, ber eiganda að hafa gætur á, að svo miklu leyti sem því verður við komið, að merar fái ekki með slíkum fola, og skal sæta hinu fyrsta tækifæri til að gelda þá.

4. gr.

Ef merar þær, sem valdar eru til undaneldis, eiga hestfolöld með einhverjum af göllum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., skal gelda þau á fyrsta ári, en ala öll hin ógelt þar til þau eru 1½ árs. Þá skal að haustinu velja úr það falletasta til undaneldis, en gelda hin fyrir sumardag fyrsta næstan eptir.

5. gr.

Við val á hryssum og hestum til undaneldis skal gæta þess, að hvorugt hafi galla þá, sem nefndir eru í 3. gr., að þau sjeu ekki getin af mjög skyldum foreldrum, hafi svarta og gallalaus hófa og hreinan gang, helst ættgengan, hafi þykk brjóst og hryssur lendbreiðar.

6. gr.

Hryssur þær, sem hafðar eru til undaneldis, verður að brúka gætilega og fódra vel, einkum um meðgöngutímann.

7. gr.

Hestfolöld þau, er ætla má, að hæf verði til undaneldis, skal ala upp sem allra bezt. Bezt er að láta þau ganga undir sem dilka, en sjeu þau vanin undan, að gera það ekki fyrir Þorralok og þá smátt og smátt og fódra svo, að þau sakni sem minnst mjólkurinnar, svo ekki komi apturkippur í framför þeirra.

Þess verður og vel að gæta, að brúka hesta, sem hafðir eru til undaneldis, mjög varlega og fódra þá vel. **161**

8. gr.

Ef unnt er, skal ekki láta graðhesta byrja að fylja hryssur fyrir en þeir eru þriggja vetra, og bezt að það sje ekki fyrir en þeir eru fjöggra vetra. Eigandi graðhests er skyldur að ljá hann hreppsþúum til afnota samkvæmt samþykkt þessari til þess hann er 6 vetra. Þó má kynbótanefndin veita undanþágu frá þessu, er henni þykir ástæða til. Nota má hest til undaneldis til þess hann er 8 vetra, ef eigandi leyfir.

9. gr.

Kynbótanefndin ákveður hæfilega þóknun til eiganda graðhests fyrir notkun hans. Skal upphæð sú nægja fyrir vetrarfóðri bestsins og goldin í fyrsta sinn, þegar hesturinn er fjöggra vetra, sje hann þá ekki geltur fyrir Jónsmessu, ella má það minna vera.

10. gr.

Treysti eigandi graðhests sje ekki að geyma hans fyrir vonsku sakir, skal kynbótanefndin gjöra tilraun til, að fá annan hreppsþúa til að geyma hans, og semja þá við eigandann, að hann annaðhvort selji hann eða leigi. Sama er um það, ef eigandi graðhests brúkar hann mikið eða fódrar hann illa, skal nefndin gjöra tilraun til, að hann leigi hann eða selji öðrum. Hreppsnefndin hefir heimild til að verja nokkru fje úr sveitarsjóði til þessa, einkum ef hesturinn er fyrirtak.

11. gr.

Kynbótanefndin hefur leyfi til, að gera undantekning frá reglum þessum í því, sem henni þykir óframkvæmandi eða óhagkvæmt. Þó má hún alls ekki gjöra undantekningar frá því, að gelda allt það lakasta af hestfööldum og hafa ekki fleiri graðhesta en þörf er á.

12. gr.

Kynbótanefndin á heimting á endurgjaldi úr sveitarsjóði fyrir það, sem hún þarf að borga út við að framfylgja samþykkt þessari.

13. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í breppi sínum skýrslu um kynbótastörf sín og árangur þeirra, og sje hann um að hún komist á næsta sýslunefndarfund.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 50 kr., er renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmani til þess að öðlast gildi 1. júní 1898, og kunngjörist öllum hlutadeigendum til eptírbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík, 19. nóv. 1897.

J. Havsteen.